

Ágæta sveitarstjórn.

Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun [stefnumótandi áætlunar í málafnum sveitarfélaga 2019-2033](#) og [Landsskipulagsstefnu 2015-2026](#) ásamt því að móta [nýja húsnæðisstefnu](#). Með hliðsjón af samþættingu áætlana innan ráðuneytisins fer gagnaöflun að hluta til fram sameiginlega vegna þessara þriggja áætlana.

Hér með er þess farið á leit að sveitarstjórnin veiti upplýsingar inn í svokallaðar grænbækur í málaflokkunum þremur með því að svara eftirtöldum spurningum eigi síðar en mánudaginn 11. júlí. Grænbókum er ætlað að leggja grunn að stöðumati helstu [lögbundinna verkefna](#) og annarra helstu viðfangsefna sveitarfélagsins, greiningu áskorana, valkosta og tækifæra í uppfærslu stefnumótunar stjórnvalda á þessum sviðum.

Athygli er vakin á því að ekki verður vitnað í einstaka svör í grænbókunum heldur er litið á innlegg frá hverju sveitarfélagi fyrir sig sem verðmætan þátt í því að draga fram heildarmynd um stöðu, áskoranir og tækifæri sveitarstjórnarstigsins á þessum sviðum.

Óskað er eftir að umfjöllunin sé greinargóð og hnitmiðuð, byggist á tiltækum upplýsingum, reynslu og framtíðarsýn sveitarfélagsins í málaflokkunum.

Samskipti við íbúa

1. Hvernig stendur sveitarfélagið að upplýsingamiðlun til íbúa á eftirfarandi sviðum:

Almenn starfsemi
Þjónusta
Skipulagsmál

Húsnæðismál

2. Hefur sveitarfélagið leitað álits íbúa í tengslum við ákvarðanatöku (íbúalýðræði) á eftirfarandi sviðum?
Ef svo er, hvernig?

Almenn starfsemi

Þjónusta

Skipulagsmál

Húsnæðismál

3. Hefur sveitarfélagið nýtt sér stafrænar lausnir í tengslum við aðgengi og/eða þjónustu á eftirfarandi sviðum?
Ef svo er, hvernig?

Almenn starfsemi

Þjónusta

Skipulagsmál

Húsnæðismál

Þjónusta

4. Hverjir eru helstu styrkleikar/veikleikar sveitarfélagsins við veitingu eftirfarandi lögbundinnar þjónustu?

Félagsþjónusta
Málefni aldraðra
Málefni fólks með fötlun
Stuðningsþjónusta
Leikskólar
Grunnskólar
Fristundaheimili
Jafnréttismál
Fráveitur, vatnsveitur, hitaveitur (lögheimilt verkefni)
Önnur þjónusta, lögbundin eða lögheimil (valkvætt)

Atvinnulíf

- Commented [AGÓ1]:** Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hver sveitarstjórn ber ábyrgð á félagsþjónustu innan marka síns sveitarfélags, eftir atvikum í samvinnu við sveitarstjórnir annarra sveitarfélaga og skal með skipulagðri félagsþjónustu tryggja framgang markmiða laganna. Sveitarstjórn skal kjósa félagsmálanefnd sem fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar. Sveitarfélög skulu hafa til ...
- Commented [AGÓ2]:** Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. eining X. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. ...
- Commented [AGÓ3]:** Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 leyst af hólmi með lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. ...
- Commented [AGÓ4]:** VII: kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. lög nr. 37/2018. Sveitarfélagi er skylt að sjá um ...
- Commented [AGÓ5]:** Lög um leikskóla nr. 90/2008. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Þau skulu hafa forustu um að tryggja börnum ...
- Commented [AGÓ6]:** Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð ...
- Commented [AGÓ7]:** Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu ...
- Commented [AGÓ8]:** Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa ...
- Commented [AGÓ9]:** Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, sjá einnig lög um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í ...
- Commented [AGÓ10]:** Lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, sjá einnig vatnalög nr. 15/1923. Í þéttbýli skulu sveitarfélög starfrækja ...
- Commented [AGÓ11]:** Orkulög nr. 58/1967. Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur, sem ...

5. Hvernig stendur sveitarfélagið að vígi á sviði atvinnulífs?

Hverjir eru helstu styrkleikar/veikleikar sveitarfélagsins á þessu sviði, t.a.m. með hliðsjón af fjölbreyttum atvinnutækifærum, almennri atvinnuþátttöku og atvinnuþátttöku einstakra hópa?

Fjármál - rekstur

6. Hvernig stendur sveitarfélagið að vígi á sviði fjármála/rekstrar?

Hverjir eru helstu styrkleikar/veikleikar sveitarfélagsins á sviði rekstrar, t.a.m. með hliðsjón af einstökum tekjustofnum, íbúðapróun og framtíðaráskorunum?

Loftslagsmál

7. Hvernig stendur sveitarfélagið að vígi á sviði loftslagsmála?

Hefur sveitarfélagið sett stefnu og markmið um loftslagsmál?

Ef svo er, hvernig er henni fylgt eftir?

Ef stefna og markmið hafa ekki verið sett, af hverju ekki?

Landsskipulagsstefna

8. Hefur stefna Landsskipulagsstefnu 2015-2026 verið innleidd í skipulagsáætlanir sveitarfélagsins?
Ef svo er, hvernig fellur stefnan að áherslum sveitarfélagsins í skipulagsmálum?
Ef stefnan hefur ekki verið innleidd í skipulagsáætlanir, af hverju ekki?

9. Hvað áherslur vill sveitarfélagið leggja við endurskoðun landsskipulagsstefnu?

Húsnæðisstefna

10. Hvernig hefur sveitarfélaginu gengið að innleiða stafrænar húsnæðisáætlanir?

11. Ef við á, hvað stendur helst í vegi fyrir því að sveitarfélagið geri sameiginlega húsnæðisáætlun með öðrum sveitarfélögum á sama atvinnusvæði/vinnusóknarsvæði?

12. Er virkur leigumarkaður í sveitarfélaginu sem styður við þróun atvinnulífs?

13. Hvernig er staðið að greiningu á þörf fyrir uppbyggingu íbúða fyrir ólíka félagshópa innan sveitarfélagsins, þ.m.t. skjólstæðinga félagsþjónustunnar, aldrað fólk, fatlað fólk, tekju- og eignalága á vinnumarkaði, ungt fólk og námsmenn?

14.Hvernig hefur sveitarfélaginu gengið að útvega þeim húsnæði sem geta ekki séð sér fyrir því sjálfir (skjólstæðingar félagsþjónustunnar)?

15.Hvernig stendur sveitarfélagið að vígi við að útvega byggingarland til byggingar íbúða til að mæta þörf til skemmri og lengri tíma?

Áskoranir sveitarfélagsins

Hverjar eru helstu áskoranir **sveitarfélagsins** á næstu árum á eftirfarandi sviðum?

Almenn starfsemi	
Þjónusta	
Stafræn umbreyting	
Fjármál	
Atvinnulíf	

Loftslagsmál	
Skipulagsmál	
Húsnæðismál	

Tækifæri sveitarfélagsins

Hver eru helstu tækifæri **sveitarfélagsins** á eftirfarandi sviðum?

Almenn starfsemi	
Þjónusta	
Stafræn umbreyting	
Fjármál	
Atvinnulíf	
Loftslagsmál	
Skipulagsmál	
Húsnæðismál	

Helstu áskoranir og tækifæri sveitarfélaga á landinu öllu (VALKVÆTT)

*Hverjar eru helstu **áskoranir og tækifæri sveitarfélaga á landinu öllu** að mati sveitarstjórnarinnar á eftirfarandi sviðum þegar á heildina litið?*

Almenn starfsemi
Þjónusta
Stafræn umbreyting
Fjármál
Atvinnulíf
Loftslagsmál
Skipulagsmál
Húsnæðismál

Annað sem sveitarstjórnin vill koma á framfæri.

Frekari upplýsingar

- **Skipulagsmál:** Ester Anna Ármannsdóttir: ester.armannsdottir@irn.is
- **Húsnæðismál:** Anna Guðmunda Ingvarsdóttir: anna.ingvarsdottir@irn.is,
anna.ingvarsdottir@hms.is
- **Annað:** Anna Gunnhildur Ólafsdóttir: anna.g.olafsdottir@irn.is